

Föstudaginn 12. desember 1997.

Nr. 492/1997.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Stefáni Ingólfssyni

(Jóhann Halldórsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 7. desember 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 9. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. desember 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 23. janúar 1998 kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. desember 1997.

Ár 1997, sunnudag 7. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 krafist þess, að Stefáni Ingólfssyni, kt. 231165-4959, Hagamel 19, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 23. janúar 1998 kl. 16 vegna grunar um brot gegn 194. og 226. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

— — —

Samkvæmt framansögðu liggur fyrir rökstuddur grunur um, að kærði hafi

gerst brotlegur við 194. gr. og 226. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en við fyrrnefnda brotinu liggur allt að sextán ára fangelsi. Af gögnum málsins verður ráðið, að brot kærða, verði þau talin sönnuð, eru mjög alvarlegs eðlis. Þykir í þessu sambandi ekki ástæða til að ætla annað en um trúverðuga frásögn kæranda sé að ræða. Í ljósi þess, hve hér er um alvarlegt sakarefni að tefla, telur dómurinn skilyrði 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 vera til að verða við gæsluvarðhaldskröfunni. Verður hún tekin til greina, eins og hún er fram sett og nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Stefán Ingólfsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 23. janúar 1998 kl. 16.
